

# Hverfisráð Hríseyjar

## 156. fundur

Fimmtudaginn 5. október 2022 kl. 20:00 var haldinn 156. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Ingólfur Sigfússon, Narfi Freyr Narfason og Friðrik Úlfar Ingimarsson.

### Dagskrá:

#### 1. Framkvæmdafé

Hverfisráð fundaði fyrr í dag með Jóni Birgi varðandi stöðu á verkefnum.

#### 2. Gönguleiðir

Rætt um gönguleiðir og merkingar. Hverfisráð fagnar því að umsókn hafi verið send frá Akureyrarbæ í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða varðandi uppbyggingu á „rauðu leiðinni“.

#### 3. Viðhald á vegum

Pörf er á viðgerðum á Sjávangötu frá bryggju að gatnamótum við Lambhagaveg og þaðan út í Kríunes ásamt veginum út að hliði. Óskar hverfisráð eftir að unnið verði að viðgerðum á þessum vegum næsta sumar.

#### 4. Göngustígur meðfram Sæborgarfjöru

Hverfisráð fagnar stígagerð framan við Austurveg 8-12. Óskum við eftir að stígurinn verði kláraður frá Sjávangötu eða Búðartanga.

#### 5. Hleðslustöðvar á Árskógssandi

Hverfisráð hefur sent bréf á raforkufyrirtæki varðandi uppsetningu á hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla á Árskógssandi.

#### 6. Önnur mál

- Hverfisráð fagnar veittum afslætti af gatnagerðargjöldum þó svo að við hefðum viljað sjá þau felld niður ásamt auknu skipulagi í Miðbraut. Hverfisráð mun fylgja því eftir að upplýsingar um lausar lóðir verði aðgengilegar.
- Hverfisráð fékk boð á málþing um umhverfisvernd og plastnotkun 21. nóvember 2022 í Hríseyjarskóla. Ráðið þakkar boðið og mun að sjálfsögðu senda fulltrúa á málþingið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00.

Ingólfur Sigfússon  
Narfi Freyr Narfason  
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð ritaði Ingólfur Sigfússon